

1. október, 2012

**Viðskiptayfirlit september 2012 - NASDAQ OMX Iceland**

**Reykjavík, 1. október, 2012** – NASDAQ OMX gefur út viðskiptayfirlit mánaðarlega frá kauphöllum sínum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Helstu atriði úr viðskiptayfirliti NASDAQ OMX Iceland fyrir september eru eftirfarandi:

- Heildarviðskipti með hlutabréf í september námu 5.025 milljónum eða 251 milljónum á dag. Þessu til samanburðar nam veltan með hlutabréf í ágúst 4.404 milljónum eða 200 milljónum á dag.
- Mest voru viðskipti með bréf Haga (HAGA) 1.687 milljónir, með bréf Marel (MARL) 1.154 milljónir, og með bréf Icelandair Group (ICEAIR) 1.071 milljónir.
- Úrvalsvisitalan (OMX16) lækkaði um 0,47% milli mánaða og stendur nú í 999 stigum.
- Landsbankinn var með mestu hlutdeild á Aðalmarkaði 30,0% (38,47% á árinu), Íslandsbanki með 29,2% (25,3% á árinu) og MP Banki með 18,1% (13,1% á árinu).
- Heildarviðskipti með skuldabréf námu 141 milljörðum í síðasta mánuði sem samsvarar til 7,1 milljarða veltu á dag samanborið við 11,5 milljarða veltu á dag í ágústmánuði
- Alls námu viðskipti með ríkisbréf 100,6 milljörðum en viðskipti með íbúðabréf námu 37,1 milljörðum.
- MP banki var umsvifamestur á skuldabréfamarkaði með 23,0% hlutdeild (22,4% á árinu), Íslandsbanki með 20,1% (19,9% á árinu) og Landsbankinn með 18,7% (23,8% á árinu).

Heildarveltan fyrir september er 146 milljarðar (samanborið við 258 milljarða í ágúst).

Fyrir frekari upplýsingar um tölfræði og tölfræðiáskrift sjá viðhengi og <http://nordic.nasdaqomxtrader.com/newsstatistics/>

**Um NASDAQ OMX**

NASDAQ OMX Group, Inc. setti á fót fyrstu rafrænu kauphöllina og hefur ætíð verið frumkvöðull á sviði rafrænna viðskipta. Fyrirtækið eflir efnahagslíf með framsæknum tæknilausnum sem spanna allan viðskiptaferilinn – allt frá áhættustýringu til viðskipta, eftirlits og uppgjors. Við starfrækjum 24 verðbréfamarkaði, 3 uppgjörshús og 6 verðbréfaskráningar í Bandaríkjunum og Evrópu, sem þjónusta viðskipti með hlutabréf, valrétti, skuldabréf, afleiður, hrávörur, framtíðarsamninga og samsettar vörur. Kerfi NASDAQ OMX geta afgreitt meira en 1 milljón skilaboða á sekúndu á hraða sem er innan við 80 míkrósekúndur á hvert skeyti og státa af 99,999% uppitíma. Þau þjóna meira en 70 kauphöllum í 50 þróuðum löndum og nýmarkaðslöndum og afgreiða 1 af hverjum 10 verðbréfavíðskiptum í heiminum. Verðlaunuð markaðsgögn og vísitölur okkar viðsvegar um heim eru lykilviðmið í fjármálageiranum. Um 3.400 fyrirtæki með heildarmarkaðsvirði í kringum 5,100 milljarða Bandaríkjadala eru skráð á NASDAQ OMX. Nýsköpun þessara fyrirtækja mótar samfélagið sem við búum í – þannig veitum við hugmyndum framtíðarinnar aðgang að fjármagni í dag. Nánari upplýsingar er að finna á [www.nasdaqomx.com](http://www.nasdaqomx.com). Fylgist með okkur á Facebook (<http://www.facebook.com/NASDAQ>) og Twitter (<http://www.twitter.com/nasdaqomx>). (Auðkenni: NDAQ og í S&P 500 vísitölunni)

*Fyrirvari vegna staðhæfinga um framtíðarhorfur*

*Þau mál sem hér er skýrt frá taka til staðhæfinga um framtíðarhorfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Safe Harbor ákvæðum í bandarískum verðbréfalögum frá 1995 (Private Securities Litigation Reform Act of 1995). Þessar staðhæfingar taka meðal annars til en takmarkast þó ekki við staðhæfingar um afurðir og þjónustu NASDAQ OMX.*

*Við minnum á að þessar staðhæfingar eru ekki trygging fyrir framtíðarafkomu. Raunveruleg niðurstaða kann að vera allt önnur en sú sem fram kemur berum orðum eða með öðrum hætti í staðhæfingum um framtíðarhorfur. Í staðhæfingum um framtíðarhorfur eru ýmsir áhættu- og óvissuþættir eða aðrir þættir sem NASDAQ OMX hefur ekki stjórn á. Þessir þættir byggjast á en takmarkast þó ekki við þætti sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu NASDAQ OMX á svonefndu Form 10-K og árshlutaskýrslum sem sendar eru til bandaríska verðbréfaeftirlitsins. Við tökumst ekki á hendur neinar skuldbindingar um að endurskoða að neinu leyti staðhæfingar um framtíðarhorfur. Engin trygging er fyrir því að verðbréfaeftirlitið muni veita NASDAQ OMX aðila það vald og leyfi sem hann kynni að sækja.*

- # -

**NASDAQ OMX tengiliður:**

Kristín Jóhanns

[kristin.johannsdottir@nasdaqomx.com](mailto:kristin.johannsdottir@nasdaqomx.com)

525 2844/868 9836